

**Ed.**

**1037. Nefndarálit**

[40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga ber að auka fremur en skerða. Frumvarpið felur í sér einhliða skerðingu á tekjumöguleikum sveitarfélaga. Það er skoðun undirritaðra að breytingu eigi ekki að gera á aðstöðu sveitarfélaga til tekjuöflunar án samráðs við þau.

Föstudaginn 4. maí var haldinn samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga í samræmi við samstarfssáttmála þessara aðila sem var undirritaður 20. jan. s. l. af félagsmálaráðherra og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í lok samráðsfundarins samþykktu aðilar meðal annars eftirfarandi:

„Fulltrúar sveitarfélaganna fagna því ákvæði í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að sveitarstjórnir ákveði sjálfar gjaldskrár fyrir þjónustu sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

Fulltrúar sveitarfélaganna leggja á það áherslu að sjálfsákvörðunarréttur sveitarstjórna verði virtur á fleiri sviðum eigin fjármála, m. a. með því að veita þeim aukið frjálshæði um nýtingu tekjustofna sinna ...

Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um endurskoðun á lögnum um tekjustofna sveitarfélaga, hlutverk Jöfnunarsjóðs og skipan sérstakrar nefndar í því skyni.“

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, leggur 1. minni hl. til að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. maí 1984.

Davíð Aðalsteinsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Valdimar Indriðason.  
form., frsm.